

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, iðnaðarsvæði, orkuvinnsla á Reykjanesi.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015, frá 28. mars 1996.

Breytingin felst í stækkun á iðnaðarsvæði á Reykjanesi um 1,7 ha og nýtt 0,5 ha orkuvinnslusvæði er afmarkað vestan þess svæðis. Einnig breytist lega affallslagnar.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Reykjanesbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. ágúst 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, leikskólalóð við Helgamagrastræti.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. ágúst 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að stofnanasvæði á reit milli Helgamagrastrætis og Þórunnarstrætis norðan Bjarkarstígs, er stækkað til suðurs á kostnað opins svæðis til sérstakra nota, þannig að stofnanasvæðið þeki allan reitinn.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarráðs Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. ágúst 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*